

EFTIRLITSSKÝRSLA

Matfugl - Melavellir Melavellir, Kjalarnes



| | | | |
|----------------------------|----------------------|--------------------------------|----------------|
| Dags eftirlits | 26.4.2023 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Kristín Kröyer |
| Fyrirtæki | Matfugl - Melavellir | Eftirlitsmaður | Kristín Kröyer |
| Heimili | Völuteigur 2 | Tegund eftirlits | Reglubundið |
| Kennitala | 471103-2330 | Flokkur | Pauleldi |
| Fulltrúi fyrirtækis | Tómas Jónsson | ÍSAT nr. | 10.12.0 |
| Fulltrúi fyrirtækis | Sveinn Jónsson | Staðsetning | |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi kom fram að eftirliti loknu. Grænu bókhaldi fyrir árið 2022 var skilað of seint.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit var farið í reglubundið eftirlit í Matfugl að Melavöllum.

Rekstraraðili er með starfsleyfi gefið út af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur þann 3. apríl 2017 og gildir til 3. apríl 2029. Heimilt er að endurskoða starfsleyfið á fjögurra ára fresti.

Hámarksstærð búsin er gefin upp 132.000 eldisstæði. Framleitt er kjúlingakjöt til manneldis. Umhverfisstofnun tók við eftirliti með búinu árið 2018. Tíðni eftirlita byggir á áhættumati.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Niðurstöður síðasta eftirlits
- Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar
- Kynning heimildar til álagningar stjórnvaldssektar
- Breytt fyrirkomulag á boðun eftirlits
- Gagnagrunnur um mengaðan jarðveg
- Gjaldskrá
- Grænt bókhald
- Útstreymisbókhald
- Kvartanir
- Umfang starfseminnar
- Heildarlosun köfnunarefnis og fosfórs sem úrgangsefnis
- Heildarlosun ammóníaks í andrúmsloft
- Eftirlit, innra eftirlit, umhverfisstjórnun og starfsleyfi
- Áhættumat
- Vettvangsferð
- Annað

1. Í eftirlitinu var farið yfir stöðu frávikna frá síðasta eftirliti. Sett voru fram tvö frávik varðandi grænt bókhald og útstreymisbókhald fyrir árið 2020 sem skilað var of seint. Þeim hefur verið skilað og frávikunum því lokið. Einnig var rekstraraðila bent á ábyrgð þess efnis að fræða skuli notendur húsdýraáburðar frá búinu og gera skriflega samninga við þá um ábyrga notkun. Í eftirlitinu kom fram að samningar eru til staðar en þar kemur þó ekkert fram um ábyrga notkun. Kröfur um dreifingu húsdýraáburðar samkvæmt góðum búskaparháttum ganga lengra en kröfurnar í starfsleyfinu að undanskildu dreifitímabilinu. Fari móttakendur eftir því sem fram kemur í góðum búskaparháttum og dreifi einungis á því tímabili sem fram kemur í starfsleyfinu (15. mars til 1. nóvember) er ekkert því til fyrirstöðu að aðrir bændur taki á móti áburði frá Melavöllum og dreifi á eigið land.

2. Í eftirlitinu kynnti stofnunin drög að áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar. Rekstraraðili hefur sjálfur undirbúið áætlun um rekstrarstöðvun.

3. Í eftirlitinu var heimild Umhverfisstofnunar til álagningar stjórnvaldssektar kynnt.

4. Í eftirlitinu var kynnt breytt fyrirkomulag boðunar eftirlits.

5. Í eftirlitinu var kynntur nýr gagnagrunnur Umhverfisstofnunar um mengaðan jarðveg. Í þennan gagnagrunn eru allir rekstraraðilar skráðir þar sem mengunaróhöpp hafa orðið eða þar sem hætta þykir að mengun geti hafa orðið. Niðurstaðan í eftirlitinu var að ekki er grundvöllur fyrir því að skrá Melavelli í gagnagrunninn.

6. Ný gjaldskrá var kynnt í eftirlitinu.

7. Grænu bókhaldi fyrir árið 2021 var skilað á réttum tíma. Ekki var búið að skila grænu bókhaldi fyrir árið 2022 þegar eftirlitið fór fram. Grænu bókhaldi fyrir rekstrarárið 2022 var skilað þann 5. maí 2023 sem er eftir að frestur til skila var útrunninn.

8. Útstreymisbókhaldi fyrir árið 2021 og 2022 var skilað á réttum tíma.

9. Engar kvartanir hafa borist vegna starfseminnar frá síðasta eftirliti.

10. Fjöldi fugla á búinu er stöðugur undir 132.000.

11. Matfugl sendi inn þann 2. nóvember 2022 útreikninga á losun köfnunarefnis og fosfórs skv BAT fyrir árið 2021. Útreikningar fyrir árið 2022 hafa ekki borist. Samkvæmt útreikningunum fyrir árið 2021 er heildarlosun köfnunarefnis sem úrgangsefni 0,32 kg/stæði á ári sem er innan marka í BAT. Heildarlosun fosfórs sem úrgangsefni var 0,028 kg/stæði á ári sem er innan marka í BAT.

Matfugl hefur látið framkvæma efnagreiningu á köfnunarefnis- og fosfórinnihaldi húsdýraábúrðarins. Samkvæmt niðurstöðum efnarannsóknanna er köfnunarefnisinnihaldið á bilinu 0,032-0,0338 kg/fugl og fosfórinnihaldið 0,0034-0,004 kg/fugl sem í báðum tilfellum eru einni stærðargráðu lægra en útreiknuð gildi. Framkvæma skal útreikninga eða efnagreiningu á heildarinnihaldi köfnunarefnis og fosfórs einu sinni á ári skv. BAT 24. Þessum niðurstöðum ber að skila til Umhverfisstofnunar.

12. Matfugl sendi inn þann 2. nóvember 2022 útreikninga á losun ammóníaks skv. BAT fyrir árið 2021. Útreikningar fyrir árið 2022 hafa ekki borist. Samkvæmt útreikningum fyrir árið 2021 er heildarlosun ammóníaks í andrúmsloftið 0,02 kg/stæði á ári sem er innan marka í BAT. Framkvæma skal útreikninga eða efnagreiningu á heildarinnihaldi ammóníaks í andrúmsloftið einu sinni á ári skv. BAT 25. Þessum niðurstöðum ber að skila til Umhverfisstofnunar.

13. Í eftirlitinu var farið yfir kafla 5.1 í starfsleyfinu: eftirlit, innra eftirlit, umhverfisstjórnun og starfsleyfi. Matfugl heldur skrá yfir: 5.1 A) framleiðslumagn, fjölda og samtals þyngd fugla í hverjum framleiðsluhóp. B) fóðurnotkun og gerð fóðurs. C) vatnsnotkun er skráð sjálfkrafa fyrir nýjustu húsin en handvirkt á hverjum degi fyrir eldri eldishús. D) framkvæmdar viðgerðir og tæmingu rotþróar. E) engin lyf eru notuð. Einu efnin sem notuð eru eru hreinsiefni, engin spilliefni, fært í grænt bókhald. F) væri fært í viðhaldsbók ef mengunaróhöpp verða.

14. Farið var yfir áhættumatið fyrir starfsemina í eftirlitinu.

15. Farið var í stutta skoðunarferð á Melavelli og aðstæður skoðaðar, engar athugasemdir voru gerðar í skoðunarferðinni að þessu sinni.

Frávik frá

Lýsing á frávik

ákvæðum í reglugerð nr 851/2002 og grein 5.2 í starfsleyfisskilyrðum um skil á grænu bókhaldi. Grænt bókhald fyrir árið 2022 barst ekki fyrir 1. maí 2023. Grænt bókhald barst Umhverfisstofnun 5. maí 2023 og er frávikinu því lokið.

ÁBENDINGAR

Samkvæmt BAT 24 um vöktun á losunar og ferilbreytum skal vakta heildarmagn kófnunarefnis og fosfórs sem losað er sem úrgangsefni í húsdýraáburði a.m.k einu sinni á ári.

Samkvæmt BAT 25 skal vakta losun ammoníaks í andrúmsloft a.m.k einu sinni á ári.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 05.06.2023



Kristín Kröyer

